

AUGLÝSING

148

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Akraness, nr. 60 4. maí 1951.

30. des.

Fyrsti kafli gjaldskrárinnar orðist svo:

I. RAFORKUSALA

Rafveita Akraness selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Til lýsingar.

Um kwst.mæli á 45 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er reiknast þannig: 60 aurar á mánuði af hverjum m² gólfflatar í rúmi því, sem lýsa skal. Þó skal aðeins reikna helming gólfflatar til gjalda í geymslum og göngum o. þ .h.

B. Til heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 45 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er reiknast þannig: 5.70 kr. á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal reikna sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.

C. Til véla.

Um kwst.mæli á 45 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er reiknast þannig: 12.00 kr. á mánuði fyrir hvert kw. í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla.

D. Til hitunar.

Um kwst.mæli á:

- | | | |
|----|----------------------------------|-----------------------------|
| 1. | 16 aura hverja kwst. með allt að | 1½ klst. rofi á sólarhring. |
| 2. | 15 _____, _____ | 2½ _____, _____ |
| 3. | 12 _____, _____ | 4½ _____, _____ |
| 4. | 8,5 _____, _____ | 14½ _____, _____ |
| 5. | 30 aura hverja kwst. án rofs. | |

Gjaldið breytist með útsöluverði á kolum og díselolíu í Reykjavík á hverjum tíma, en miðast hér við grunnverðið 520 kr. á kolatonn og 80 aura á oliulítra, þó þannig, að gjaldið miðast við það eldsneytisverðið, sem er lægra hlutfallslega miðað við grunnverðin. Gjaldið standi jafnan á heilum eða hálfum eyri.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar), að dómi rafveitustjóra.
- Að vélaafli, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum rofa, og kosti notandann tengingu rofans og greiði leigu af honum samkvæmt II. kafla.
- Að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafmagnshitunina, sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.
- Að notkun um mæli hitalagnarinnar sé eigi minni en 6000 kwst. á ári.

148

E. Til ýmissa nota.

30. des.

1. *Til véla til matvælaíðnaðar* um kwst.mæli á 30 aura hverja kwst., enda sé uppsett rafvélaafl fastra véla yfir 40 kw. og árlegur nýtingartími vélanna eigi skemmri en 1200 kwst. á hvert uppsett kw. þeirra. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. um hádegið, á tíma mesta álags. Eftir þessum gjaldskrárlið má selja raforku til rafsúðu málma.
2. *Til götu- og hafnarlýsingar* um kwst.mæli á 60 aura hverja kwst., og kosti rafveitan þá rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.
3. *Til vinnulagna við byggingar í smíðum* um kwst.mæli á 100 aura hverja kwst.
4. *Til lýsingar, án fastagjalds, og til ýmissa nota, sem ekki verða felld undir aðra liði gjaldskrárinnar*, um kwst.mæli á 180 aura hverja kwst.
5. *Til atvinnufyrirtækja*, ef uppsett rafvélaafl er yfir 40 kw., um afl- og orkumæli þannig reiknað:
 - a. Aflgjald:
670 kr. fyrir hvert kw. mesta álags á árinu.
 - b. Orkugjald:
8 aurar fyrir hverja kwst. af fyrstu 3000 kwst./kw.
4 — — — — þar fram yfir.

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 38 5. apríl 1954, um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Akraness, nr. 60 4. maí 1951.

Atvinnuáráðuneytið, 30. desember 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

149

KANADASJÓÐUR

til styrktar íslenskum námsmönnum.

Ársreikningur 1954.

Höfuðstóll:

1. Eign frá fyrra ári samkv. birtum reikningi	kr. 140658.17
2. Aukning á árinu samkv. eftirfarandi reikningi	— 3388.92

Kr. 144047.09

Eignir síóðsins eru:

1. Veðdeildarbréf	kr. 9300.00
2. Veðskuldabréf	— 41462.66
3. Handhafaskuldabréf með ríkisábyrgð	— 62700.00
4. Sparisjóðsinnstæða	— 30584.43

Kr. 144047.09